

Hörður Torfa í Loftkastalanum:

## Tónleikar vegna fjölda áskorana

Vegna fjölda áskorana heldur trúbadorinn Hörður Torfason tónleika í Loftkastalanum í Héðinshúsinu í kvöld, föstudagskvöld, og hefjast þeir klukkan 20.

Nær húsfyllir var á árlegum hausttónleikum kappans í Borgarleikhúsinu sl. föstudag, sem þóttu takast mjög vel. Með Herði á tónleikunum kemur fram valinkunnur hópur ungra hljóðfæraleikara, sem sönnuðu ágæti sitt á fyrri tónleikunum. Miðaverð á tónleikana í kvöld er kr. 1400, en salurinn tekur yfir 400 manns í sæti. ■



Sýning á eldfornum leirlistaverkum frá Perú á Kjarvalsstöðum:

## Nytjahlutir með dularfullum skreytingum

Leirlistaverkum frá því fyrir tíma Inkanna og sumum allt frá 5. öld fyrir Krist, verður raðað upp á sýningu í Vestursal Kjarvalsstaða sem opnuð verður laugardaginn 16. sept.

Leirmyndirnar eru frá Þjóðminjasafninu í Lima í Perú, en þar hafa verið stundaðar rannsóknir á menningar- og listasögu Perú sem spanna 6000 ára tímabil. Alls eru verkin 85 og hafa einkum fundist í strandhéruðum Perú þar sem fornleifafræðingar eru sífellt að gera nýjar uppgötvanir. Mörg verkanna eru nytjahlutir ýmiss konar, ker og vasar, sem gefa vísbendingu um daglegt líf innan þessara samfélaga. En þau gefa um leið innsýn í trúarbrögð, gildi og heimssýn þessara orðarbrota, sem byggðu strandhéruð Perú fyrir mörgum öldum.

Sýningin stendur frá 16. sept. til 15. okt. frá kl. 10-18. ■

Böggull fylgdi skammrifi:

## Bæjarstjórn vildi ekki bjóða í mat

Bæjarstjórn Kópavogs barst nýlega í hendur bréf frá Handknattleikssambandi Íslands. Þar fer HSÍ fram á að fá að halda landsleik í Smáranum, nýja íþróttahúsinu. Gott mál, sagði



Úr kvikmyndinni Tár úr steini, lífsögu tónskáldsins Jóns Leifs, sem fyrr á tíð var úthrópaður, en hefur fengið uppreisn æru í nútímanum.

Ný íslensk kvikmynd, Tár úr steini, frumsýnd í dag um „einn mesta listamann sem Ísland hefur alið“:

# „Tónlistin úthrópuð sem hávaði og gauragangur“

Jón Leifs var tónskáld sem ekki hefur fengið uppreisn starfsæru né persónulegrar æru fyrr en nú á síðustu árum, en hann lést árið 1968. Hilmar Oddsson hefur lokið við að leikstýra mynd um átakasögu Jóns, sem fer að mestu fram í Þýskalandi nasismans. Tár úr steini tók þátt í keppni um Amandaverðlaunin á norrænni kvikmyndahátíð og hlaut þar góðar viðtökur. Keith Keller frá Hollywood Reporter sagði m.a. í grein um hátíðina að Hilmar tákist „að kanna kröftuglega það sem leikstjórum flestra kvikmynda sem fjalla um ævi tónskálda hefur mistekist að kanna, þeirra á meðal Milos Forman (Amadeus), þ.e. hugarheim tónskálds og hvernig tónverkin verða til í raun og veru.“

Tíminn hafði samband við Hilmar og kannaði hug hans til myndarinnar og þessara orða Kellers. „Sko, ég dái Milos Forman mjög mikið og mér finnst Amadeus frábær mynd, ég held að hann hafi ekkert sérstaklega

verið að reyna þetta. Keller er að tala um það að í Tári úr steini verði afskaplega skýrt úr hverju tónlist Jóns er sprottin. Hvaða tilfinningar eru að baki henni og af hverju semur hann tónlistina. Ég held það komi fram án þess að ég sé neitt að rembast við að segja það. Það er það sem honum finnst sérstakt.“

Að sögn Hilmars er mesta áherslan lögð á fjölskyldu- og ástarsöguna. „Þetta er allt annað en heimildamynd. Hún er byggð á ákveðnum atburðum, en algjörlega með okkar formerkjum. Svipað og Amadeus var um Mozart, en var um leið skáldverk.“

Upphaflega hafði hópurinn ætlað sér að gera heimildamynd um ævi Jóns Leifs, en á 6 ára meðgöngu breyttist hún í leikna og „safaríka“ bíómynd. „Ævi þessa manns var svo atburðarík og dramatísk að okkur var ljóst að við gætum aldrei gert þessu fullnægjandi skil í formi heimildarmyndar. Hann átti bara miklu meira skilið, ef það átti að rétta hlut þessa manns og vinna úr ævi hans. Og ég sem leikstjóri leikins efnis gerði mér grein fyrir því að ég fengi aldrei betri efnivið upp í hendurnar.“

Íslendingar höfnuðu listamanninum Jóni Leifs og ýmsir aðdáendur hans telja að rétta þurfi hlut hans. „Þessi maður var svo til úthrópaður af samtíð sinni á Íslandi, bæði sem listamaður og manneskja, og þess vegna má segja að við séum í flokki þeirra sem eru að rétta hlut eins mesta listamanns sem Ísland hefur alið fyrr eða síðar.“

Ein af ásökunum Íslendinga í garð Jóns var að hann adhylltist nasismann. „Hann býr í Þýska-

landi nasismans í stríðinu og hann var sakaður um það af Íslendingum að vera hallur undir nasisma á sama tíma og hann er giftur gyðingi, á tvær dætur sem eru gyðingar og þarf að horfa á eftir tengdaforeldrum sínum í gasklefann. Slíkur maður getur ekki verið mjög sannfærður nasisti. En Íslendingar horfðu alveg framhjá þessu og hann er svona maður sem hefur lent á dæmigerðan hátt í hinu svokallaða almenningssáliti og Gróu og öllum þeim konum. Menn reyndu ekki að skilja list hans. Það var bara gert grín að henni og hún úthrópuð sem hávaði og gauragangur.“

Að sögn Hilmars eru um 10-15 ár síðan menn fóru að endurmeta Jón Leifs og þá kannski mest fyrir tilstilli Hjálmars H. Ragnarssonar, sem hvað ötulast hefur unnið að því að kynna hann. „Menn hafa farið að hugsa hvort við ættum kannski þarna fjársjóð sem við vitum ekki af. Það er sannfæring mín, og þessi mynd held ég að taki af allan vafa um það að hér var á ferð tónskáld á heimsmælikvarða.“

Þar sem stefnan var tekin á leikna kvikmynd, segir Hilmar að nauðsynlegt hafi verið að taka ýmis skáldaleyfi. „Við gerðum það markvisst, en ég er ekkert viss um að þessi mynd, þrátt fyrir öll sín skáldaleyfi, sé fjær svokölluðum sannleika heldur en ef ég hefði gert heimildamynd. Því að í heimildamynd geturðu stillt hlutum upp nákvæmlega eins og þér hentar. Þetta er bara mín útgáfa á sannleikanum.“

Aðspurður hvort þau hafi haft einhverjar heimildir til að

byggja á, sagði Hilmar: „Já, heldur betur. Við fengum aðgang, sennilega fyrstir manna fyrir utan fjölskyldu hans, að persónulegum bréfum og dagbókum og það voru ómetanleg gögn. Nú þekkti ég hann ekki í lífanda lífi, en mér finnst ég hafa kynnst honum ákaflega vel og stundum óþægilega náð í gegnum þetta.“

Hilmar segir að þessar þekktu tónskáldamyndir hafi innblásið hann á vissan hátt, „en auðvitað að verð ég eins og aðrir að finna mitt eigið. Ég veit að þessi mynd er dálítið sérstök í myndstíl og frásögn. Myndmálið er úthugsað og agað. Við lögðum mikið upp úr því að finna kjarna sögunnar, sem við erum að segja gegnum myndmálið. Ég þurfti t.d. ekki 20.000 statista í götusenum, vegna þess að ég er að einbeita mér að einhverju allt öðru. Ég er miklu frekar að einbeita mér að fólkinu sjálfu og sambandinu milli þess og tilfinningum þess. Þarna er fólk í nærmynd.“

Hilmar er mjög ánægður með útkomuna. „Já, ég er það. Það væri bara vanþakklæti og hroki að segja annað og ég er í raun og veru mjög hamingjusamur með þetta.“

Tár úr steini er íslensk-sænsk-þýsk samframleiðsla og tekin í Þýskalandi og á Íslandi. Handritið skrifuðu Hilmar Oddsson leikstjóri, Hjálmar H. Ragnarsson, sem einnig er tónlistarstjóri, og Sveinbjörn I. Baldvínsson. Framleiðandi er Jóna Finnsdóttir, leikmyndahöfundur var Sigurjón Jóhannsson og kvikmyndatakan var að mestu í höndum Sigurðar Sverris Pálssonar. ■